

Ed.

489. Frumvarp til laga

[187. mál]

um breyting á lögum nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Upphaf 1. gr. laganna orðist svo:

Af öllum fasteignum á landinu, sem eru ekki sérstaklega undanþegnar, skal heimilt að innheimta árlega af fasteignamatsverði skatt í sveitarsjóð, þar sem fasteignirnar eru, svo sem hér segir.

2. gr.

Fyrir orðið „lögreglustjóra“ í 4. gr. laganna komi: oddvita eða bæjarstjóra.

3. gr.

5. gr. laganna breytist þannig:

- a. Fyrir orðið „lögsagnarumdæmi“ í 1. másl. komi: sveitarfélagi.
- b. Fyrir orðið „lögreglustjóri“ í 3. másl. komi: oddviti eða bæjarstjóri.

4. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Skatt þennan skal innheimta með öðrum sveitargjöldum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 66 24. apríl 1954.

Greinargerð.

Nefndin flytur frv. þetta samkvæmt ósk ríkisstjórnarinnar, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Nú þegar hraðvirkar bókhaldsvélar hafa verið teknar til aðstoðar innheimtumönnum ríkissjóðs við útreikning og innheimtu manntalsbókargjalda, verður fasteignaskatturinn og önnur þau gjöld, sem innheimt hafa verið með manntalsbókargjöldum og miðast við fasteignamat, og eru tiltölulega lág, til tafar afgreiðslu annarra manntalsbókargjalda. Viðunandi árangur næst ekki af starfi vélanna, nema létt verði af innheimtumönnum ríkissjóðs innheimtu fasteignaskattsins og sýsluvegasjóðsgjaldsins, sem innheimtumenn ríkissjóðs hafa innheimt vegna sveitarsjóða. Ljóst er, að innheimta þeirra með öðrum fasteignagjöldum, sem sveitarfélög hafa heimild til að leggja á, er miklu kostnaðarminni en sérinnheimta þessara gjalda verður hjá innheimtumönnum ríkissjóðs, eins og nú er komið.

Öll ákvæði þessa frumvarps eru miðuð við þetta.